

Framkvæmum fyrir framtíðina!

Samorka fagnar áherslum núverandi ríkisstjórnar á græna orkuöflun, styrkingu innviða og þar með auknum tækifærum í orkuskiptum og loftslagsmálum. Í ljósi nýlegrar þróunar í alþjóðamálum eru þessar áherslur enn mikilvægari. Með rétttri stefnu og aðgerðum stjórnvalda getur Ísland á skömmum tíma komist í einstaka stöðu á meðal ríkja heims. Sveitarfélög, verða eins og ríkið, að sýna ábyrgð á hlutverki sínu í uppbyggingu orku- og veitumannvirkja, með hliðsjón af skipulags- og leyfisveitingarvaldi þeirra, til að hægt sé að komast út úr því ójafnvægi framboðs og eftirspurnar sem núverandi umgjörð hefur valdið.

Öryggið í orkunni

Orka er öryggismál. Huga þarf í auknum mæli að öryggi orku- og veituvinnviða í breyttum veruleika á alþjóðavettvangi. Evrópsk ríki eru í óðaönn að flýta grænni orkuöflun, tryggja aðfangakeðjur og undirbúa innviði sína fyrir græna orkunotkun til þess að ná markmiðum um kolefnishlutleysi og nú með mikilli áherslu á að efla viðnámsþrótt og samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar.

Á Íslandi þekkjum við mikilvægi þess að innviðir séu áfallaþolnir gagnvart náttúruhamförum og aftakaveðrum. Viðnámsþróttur innviða er einnig lykillinn að því að Ísland geti varið sig fyrir ytri áföllum eða óvæntri þróun í ytra umhverfi. Sá þróttur verður enn meiri ef orkukerfið er fjölbreyttara og aukinnar innlendrar, sjálfbærrar orku er aflað. Dreifð orkuframleiðsla víða um land dregur úr áhættu og heildaráhrifum neikvæðra atburða á einstökum stöðum. Með orkuskiptum og frekari rafvæðingu samfélagsins skapast einstakt tækifæri til að draga verulega úr áhættu og kostnaði sem fylgir því að þurfa að reiða sig á innflutt jarðefnaeldsneyti.

Tryggja þarf öryggi og vöktun mikilvægustu orku- og veituvinnviða landsins.

Byggt ofan á góða reynslu

Ísland býr yfir náttúruauðlindum sem við nýtum með sjálfbærum og ábyrgum hætti og þannig hefur velsæld samfélagsins og vöxtur verið tryggður í árána rás. Fjölbreytt úrval grænna orkukosta er lyklatríði til að tryggja samkeppnishæfni Íslands og viðnámsþrótt. Nýting vatnsafls, jarðvarma og vindorku er hagkvæm á Íslandi. Halda þarf áfram ábyrgri nýtingu þessara auðlinda og tryggja að heimilt verði að nýta hagkvæma kosti í vatnsafl og jarðvarma til framtíðar. Framleiðsla raforku með vindi verður mögulega þriðja stoðin í orkuframleiðslu Íslands.

Sjálfbær nýting auðlinda til orkuöflunar og uppbygging raforkukerfis og veituvinnviða er nú mikilvægari en nokkru sinni fyrr. Stöðugt þarf að vinna að endurnýjun og styrkingu samfélagslega mikilvægra orku-, flutnings- og veituvinnviða vegna aukinnar eftirspurnar eftir raforku, aldurs núverandi mannvirkja, fólksfjölgunar, þéttingu byggðar og til að mæta nýjum áskorunum vegna breyttra veður- og loftslagsskilyrða. Ísland, eins og önnur vestræn ríki, stefnir á að ná kolefnishlutleysi og að verða alfarið knúin af grænni orku í þágu loftslags og öryggis. Ísland er í einstakri stöðu til að takast á við þetta verkefni og vera áfram leiðandi ríki á heimsvísu í grænni og sjálfbærri framtíð. Allt þetta kallar á umfangsmiklar fjárfestingar í innviðum.

Sterk atvinnugrein í rétttri umgjörð skilar framförum

Ísland býr að öflugum og fjölbreyttum orku- og veitufyrirtækjum sem hafa langa reynslu af rekstri og uppbyggingu innviða. Með skynsamlegri umgjörð, jafnt í stjórnsýslu og fjárhagslegu tilliti, standa Íslandi allir vegir færir til að ná markmiðum sínum um orkuskipti, í loftslagsmálum, um nýsköpun, þjóðaröryggi og þróun samfélagsins. Sterk umgjörð og skýr framtíðarsýn styrkir nýliðun og öfluga samkeppni sem er nauðsynleg til að stuðla að nýsköpun, neytendum og samfélaginu öllu til heilla. Með innleiðingu evrópskra reglna í gegnum EES-samninginn er samræmi í Evrópu tryggt en grundvallaratriði er að íslensk stjórnvöld blýhúði ekki slíkar reglur og tryggi að innleiðing þeirra styðji við nauðsynlega uppbyggingu orku- og veitumannvirkja.

Fyrir liggur að orku- og veitufyrirtæki gera ráð fyrir að ráðast í framkvæmdir á næstu fimm árum fyrir rúmlega 480 milljarða króna. Í allt of mörgum tilvikum sæta slíkar framkvæmdir svo ítarlegri og tafsamri stjórnsýslumeðferð að kostnaður samfélagsins verður mun hærri en hann þyrfti að vera. Það stendur í vegi fyrir verðmætasköpun og í verstu tilfellum ógnar það orkuöryggi. Á þessu er hægt að ráða bót án þess að slá af kröfum um verndun umhverfis og samtal við samfélag, hagaðila og nærumhverfi.

Stjórnsýslu þarf að efla, einfalda ferla og tryggja aðkomu og ábyrgð sveitarfélaga

Einfalda þarf ferli leyfisveitinga og skipulagsmála og horfa til þróunar í Evrópu varðandi umgjörð orkuflutnings og -vinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum. Þar er m.a. horft til þess að framleiðsla, flutningur og dreifing endurnýjanlegrar orku sé í þágu brýnustu almannahagsmuna. Ljóst má vera, miðað við þá stöðu sem hér er, að uppbygging í raforkuframleiðslu er brýnt almannahagsmunamál.

Um allan heim eru sveitarfélög í lykilhutverki við að leiða orkuskipti sinna þjóða. Samorka styður sjónarmið um að sveitarfélög og íbúar þeirra njóti ábata af uppbyggingu í raforkuframleiðslu í sínu nágrenni. Þeim markmiðum verður ekki náð með auknum álögum heldur með jafnari skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga. Hafa þarf í huga við frekari vinnslu á auðlinda- og skattatillögum stjórnvalda að auknar álögur á raforkuframleiðslu geta dregið úr fjárfestingum á sama tíma og ljóst er að þörf er á mikilli uppbyggingu í raforkuframleiðslu. Horfa þarf til þess að nú þegar skilar orku- og veitustarfsemin miklum fjárhagslegum ávinningi til samfélagsins.

Stjórnvöld bera ábyrgð á orkuöryggi

Það er grundvallarskylda stjórnvalda að tryggja orkuöryggi. Þeirri skyldu hafa stjórnvöld brugðist. Margvíslegar greiningar færustu aðila hafa um árabíl sýnt að við blasir verulegt ójafnvægi í orkubúskap landsins. Málefnalegum sjónarmiðum er mætt með tortryggni og vantrú. Stjórnvöld verða að grípa til aðgerða svo tryggja megi raforkuöryggi til skemmri tíma ef orku á markaði þrýtur. Tryggja þarf orkuöryggi til skemmri tíma, til meðallangs tíma og til framtíðar og því er mikilvægt að stjórnsýsluferlar vinni með orku- og veitufamkvæmdum en standi ekki beinlínis í vegi fyrir verkefnum sem eru reiðubúin til framkvæmda. Mikilvægt er að fyrirtæki geti farið í framkvæmdir á samþykktum verkefnum og byggt upp nýja orkuframleiðslu þegar viðskiptalegar forsendur eru fyrir hendi.

Samorka telur að lög um verndar- og orkunýtingaráætlun hafi runnið sitt skeið og telur farsælast að þau verði lögð af og komið verði á umgjörð þar sem framfaraverkefni geta hlotið framgang. Þar má horfa til hugmynda um Orkuþróunarskipulag sem Samorka hefur kynnt og lagt fram.

Á Íslandi hafa heimili og fyrirtæki búið við stöðugt og samkeppnishæft verð. Mikilvægt er að tryggja að svo verði áfram og raforkuöryggi verði tryggt. Á sama tíma hefur Ísland verið eitt af fáum löndum í Evrópu þar sem stórnotendur raforku hafa haft aðgengi að grænni orku og stöðugu rekstrarumhverfi síðustu áratugi og um leið stutt við loftslagsmarkmið á heimsvísu.

Þróa þarf áfram skilvirkan og gagnsæjan heildsölumarkað með raforku með hagsmuni raforkunotenda í fyrirrúmi. Mikilvægt er að leiða í lög skýrar háttætnisreglur um hegðun á heildsölumarkaði með raforku.

Heitt vatn - lífæð Íslands

Jarðhiti á Íslandi er einstök auðlind og beislun hans hefur komið Íslandi í öfundsverða stöðu. Mikilvægt er að stjórnvöld styðji áfram við leit að heitu vatni en með nýtingu þess á nýjum svæðum er lagður grunnur til langrar framtíðar að uppbyggingu samfélaga. Jarðhitanotkun telur um 65% af frumorkunotkun landsins. Ef hennar nyti ekki við þyrfti orku sem nemur allt að tífaldri núverandi raforkunotkun íslenskra heimila til að standa undir húshitun. Vísendingar eru um að á næstu 20-30 árum þurfi að auka umtalsvert heitavatsframleiðslu frá því sem nú er til að mæta aukinni fólksfjölgun og þörfum atvinnulífsins.

Skýr framtíðarsýn stjórnvalda um jarðhitaleit og uppbyggingu er mikilvæg til að mæta heitavatsþörf til framtíðar og að umgjörð hitaveitna stuðli að nauðsynlegum fjárfestingum í uppbyggingu og endurnýjun hitaveituinnviða

um leið og horft er til hagkvæmni, nýtni og ábyrgrar nýtingar auðlindarinnar. Skilvirk og áreiðanleg stjórnsýsla er grundvöllur þess að hitaveitur geti haldið áfram þeirri vegferð sem hófst á fyrri hluta síðustu aldar.

Tryggja þarf nauðsynlegar heimildir til rannsókna á háhitasvæðum með það að markmiði að tímanlega liggi fyrir upplýsingar um mögulega getu þeirra til varmaorkuframleiðslu. Eins og staðan er í dag hefur rammaáætlun skapað ómöguleika að þessu leyti þar sem ekki hefur verið hægt að fara í fullnægjandi rannsóknir fyrir en orkukostur er kominn í nýtingarflokk. Vegna eðlis jarðhitaauðlindarinnar skapar þetta verulega áhættu þegar kemur að því að tryggja orkuöryggi hitaveitna.

Nauðsynleg uppbygging flutnings- og dreifikerfa raforku

Stöðugleika þarf í umhverfi sérleyfisfyrirtækja til að tryggja getu þeirra til uppbyggingar á dreifi- og flutningskerfi raforku. Til viðbótar við aukna orkuöflun geta stjórnvöld stutt við orkuöryggi með því að hvetja til og tryggja uppbyggingu á öðrum sviðum, ekki síst í flutningi og dreifingu raforku. Miklar fjárfestingar eru fram undan í uppbyggingu flutnings- og dreifikerfis raforku um allt land til að auka orkunýtni, tryggja aðgengi að öruggri orku og bæta nýtingu orkuauðlinda. Finna þarf leiðir fyrir árangursríkt samtal við sveitarfélög og aðra aðila um flutningskerfið og aðrar grænar framkvæmdir í stað þess að þjóðhagslega hagkvæmar framkvæmdir sitji á hakanum. Gera þarf úrbætur á löggjöf um raflínunefnd.

Búa þarf dreifiveitum umgjörð sem hvetur til fjárfestinga og uppbyggingar sem getur tekist á við nær tvöföldun í orkuframleiðslu á næstu 25 árum og snjallvæðingu dreifikerfa sem nýtist notendum og þeim sem koma til með að verða sínir eigin raforkuframleiðendur. Lagaumgjörð og stjórnsýsla orkumála verður að styðja við þessi viðamiklu og fjölbreyttu verkefni og nauðsynlega uppbyggingu umræddra raforkuinnviða.

Vatn verður að vernda

Aðgengi að fersku neysluvatni er ekki sjálfgæfið. Stækkun byggðar og fjölgun íbúa veldur því að aukið álag er á vatnsból víða um land. Á sama tíma og þörfin fyrir vatnsból hefur aldrei verið meiri stendur vatnsbólum ógn af loftslagsbreytingum, örri fólksfjölgun, útbreiðslu byggðar og væringum á alþjóðavettvangi. Tryggja þarf tímabæra aðkomu veitufyrirtækja að skipulagsmálum út frá vatnsvernd og til að tryggja fullnægjandi veitukerfi fyrir ný hverfi. Gefa þarf gaum að því að tryggja nægt vatn til vatnsveitna ef hætta er á að nýting þess í atvinnuskyni ógni almannahagsmunum. Horfa verður heildstætt á vatnsnýtingarmöguleika. Þá verður að búa vatnsveitum fjárfestingaumgjörð sem vinnur með uppbyggingu og endurnýjun vatnsveitna þannig að tryggja megi áfram vatnsgæði í fremstu röð og örugga og trausta meðferð vatnsauðlindarinnar.

Fráveitur framtíðarinnar í sjónmáli

Fráveitur framtíðarinnar verða hagkvæmari, umhverfisvænni og með aukna nýtni gagnvart þeim verðmætum sem falla til í fráveitustarfsemi. Auknar evrópskar og innlendar kröfur til fráveitna munu leiða af sér endurnýjun og fjárfestingar sem ekki hafa sést áður. Meiri kröfur verða gerðar til fyrirtækja um ábyrgð á eigin fráveitumálum. Mikilvægt er að þessi grundvallarbreyting verði unnin í góðu samtali haghafa og tími veittur til undirbúnings umræddra breytinga. Fráveita og umgjörð hennar þarf að taka mið af íslenskum aðstæðum. Víða eru tækifæri til að gera betur í hreinsun skólps frá þéttbýli og stórátak þarf að verða um land allt í innleiðingu og uppbyggingu blágrænna ofvatnslausna. Þar þarf samhent átak sveitarfélaga sem fara með skipulagsmál og fráveitunnar á hverjum stað.